



RANGÁRÞING YTRA

Minnisblað

Frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar í maí hefur verið unnið að ýmsum málum sem ekki eru formlega á dagskrá þessa fundar. Ég mun fara yfir nokkur mál en listinn er langt frá því að vera tæmandi:

1. Það var ánægjulegt að geta skotist á fund sem Oddafélagið hélt í Odda með Menningar- og viðskiptaráðherra. Þar var m.a. farið yfir hugmyndir félagsins um að auka virðingu staðarins með að gera sögu Snorra Sturlusonar betur skil en þar ólst kallinn upp. Jafnframt eru áform um uppbyggingu menningarhúss og héraðskirkju á staðnum sem er mjög spennandi hugmynd.
2. Þá var ég fenginn til að vera fundarstjóri á aðalfundi Markaðsstofu Suðurlands sem var haldinn í þetta skiptið á Landhótelu. Þar var m.a. verið að kynna svokallaða eldfjallaleið sem nær frá Reykjanesi og út í Öraefi sem er flott verkefni m.a. fyrir fróðleiksfúsa ferðamenn.
3. Þá hafa nokkur sveitarfélög á Suðurlandi verið að vinna að gerð loftslagsstefnu með aðstoð ráðgjafa á vegum SASS en það hafa verið vikulegir fundir vegna þess. Þetta verkefni er í raun nokkuð sambærilegt því að halda úti grænu bókhaldi en er krefjandi vegna þeirra upplýsa sem þarf að plokka út úr bókhaldi sveitarfélagsins.
4. Ég skrifaði undir samning við umboðsaðila HOPP um þjónustu þeirra á Hellu. Það verður spennandi að sjá hvernig þetta verkefni gengur en þarna eru klárlega bæði tækifæri og áskoranir.
5. Þá átti ég fund með Verkalýðsfélagi Rangæinga um ýmis mál en það er ágætt að stinga saman nefjum öðru hverju um ýmis sameiginleg mál.
6. Það voru nokkrir reglulegir fjarfundir sem ég sat á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga meðan verkfallsaðgerðir félaga í BRSB stóðu yfir. Það er gott og ber að fagna að nú hafa náðst samningar en ljóst er samt að þeir verða krefjandi gagnvart fjármálum sveitarfélaganna.
7. Einnig mætti ég ásamt fulltrúum sveitarfélagana í Rangárvallarsýslu á árlegan fund sem forsætisráðuneytið hélt í Hvolnum varðandi þjóðlendur. Þetta málefni er nokkuð stórt mál í okkar sveitarfélagi og mörg spennandi verkefni sem þarf að glíma við á hálendinu okkar.
8. Þá mætti ég í fyrsta skipti á Bæjarhelluna í Grunnskólanum á Hellu. Viðburðurinn kom ánægjulega á óvart hvað varðar umfang og hvernig nemendur og starfsfólk hafa sett upp mjög metnaðarfulla dagskrá.
9. Það var haldinn aðalfundur Háskólafélags Suðurlands sem ég sat. Þetta félag hefur gert góða hluti til að ýta menntunarstigi Suðurlands upp á við en núna er verið að skoða hvort skynsamlegt sé að sameina félagið við Fræðslunet Suðurlands sem er félag í eigu sömu aðila.
10. Að lokum þá kom ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í heimsókn í Rangárbíng á dögnum. Það var gaman að kynna þeim hvað væri í gangi í sveitarfélaginu og fara með þá í skoðunarferð um Hellu. Nefndin fundaði síðan í endurnýjuðum fundarsal sveitarfélagsins hér í Laugum.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri